

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 25. september 2018 í máli nr. S-198/2018:

Ákærvaldið

(Margrét Herdís Jónsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Ingvari Árna Ingvarssyni

(Steinbergur Finnbogason lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 11. september 2018, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 10. apríl 2018, á hendur:

„Ingvari Árna Ingvarssyni, kt. 000000-0000,
[...] Reykjavík

I.

fyrir hótanir, með því að hafa [...] 2016 skrifað og birt eftirfarandi ummæli á facebook-síðu sinni sem voru til þess fallin að vekja hjá starfsmönnum [...] ótta um líf, heilbrigði og velferð sína:

„það bendir allt til þess að [...] hafi sýnt vanrækslu í starfi þegar gloria min for i allsherjar skoðun þar fyrir þremur vikum og ef svo sem eg mun komast i fyrramálið munuð þið ekki sja mig a faceinu næstu daga, eg ætla að stúta þessum læknabeljum krepptum hnúum og þungum höggum og senda 5 sprautusjuklinga til að kveikja i þessari dýranýðsholu til að bjarga hinum dýrunum, EG ER SVO BRJALAÐUR NÚNA AÐ SÉ JAIL TIME FRAMUNDAN, DREP ÞETTA HELVÍTIS PAKK OG ÞAÐ Í FYRRAMÁLIÐ“

„takk Vidir, eg er svo brotinn af líkama og sál að eg get ekki líst því er að skrifa niður nöfnin á öllum dýralæknum í [...] og er að undirbúa massiver hefndaraðgerðir á morgun, fylgstu með vísir.is og mbl. a morgun vidir minn eg er að fara kýla þessar kellingarherfur og dýranýðinga í klessu og þetta er loford, eg er brjalaður“

„eg fór með hana i allsherjarskoðun fyrir akkurat mánuði og það sérstaklega að það yrði hlustað a hjartað hennar þa var það byrjað að gefa sig meira dag fra degi og þessir nýðingar hefðu getað sett hana a hjartalyf og þá væri hún i goðu lagi i dag en þeir fokkuðu þessu upp og i staðinn ætla eg að kýla dýralækningahóruna sem sinni

henni sundur og saman og síðan ætla ef að senda 5 djönkara sem eg þekki til að brenna þetta skítaplace til að bjarga greyið dýrunum sem eru send á þetta fokkings helvítis skítaplace“

„það fær einhver að brenna illa fyrir kvalirnar á dóttur minni á morgun það er a fokking hreinu“

„eg er gjörsamlega crazy búinn að rústa öllu herna heima og er gjörsamlega geðveikur og sár og i grimmilegum hefndahug og á pottþétt eftir að gera eitthvað af mér sem kemur mer i mikil vandræði but fuck it þetta er litla barnið mitt sem eg elska ut af lífinu og ef einhver læknir fokkar dóttir minni upp þa kála ég honum á morgun“

„A takk fyrir góð ráð en eg er kominn uppi [...] og er með boxhanska þannig að það sest minna á dýraníðingnum, eg er brjálaður ósofinn og útúr kókaður og gjörsamlega geðveikur gloria min er að deyja og það þýðir refsing og grimmileg hefnd það þýðir ekkert að stoppa mig“

„takk B og C og D, hún er ennþa a lífi en þetta lýtur ekki vel ut, er að fara með hana á [...] og síðan fer eg beint a hinn [...] og ætla að berja þennan dýralæknanýðing sem hefði geta komið i veg fyrir þetta fyrir 3 vikum, B minn eg kiki á þig þegar eg losna sem verður örugglega á þriðjudagsmorguninn“

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir brot gegn tolla-, lyfsölu- og lyfjalögum, með því að hafa [...] 2017, við komu hans til landsins frá [...] með flugi [...], gengið um tollhlið á Keflavíkurflugvelli merkt grænu og með áletrunina „Enginn tollskyldur varningur“ og þannig flutt til landsins og reynt að komast hjá því að greina tollyfirvöldum frá sjö ampúlum af lyfseðilsskylda lyfinu HCG-M 5000, sem hann hafði ekki innflutningsleyfi fyrir.

Telst þetta varða við 1. mgr. 170. gr., sbr. 1. og 3. mgr. 27. gr. tollalaga nr. 88/2005, 1. 2. mgr. og 5. mgr. 51. gr., sbr. 1. mgr. 68. gr. lyfsöluglaga nr. 30/1963, 1. mgr. 7. gr., sbr. 49. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, 1. og 2. gr., sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 212/1998 um innflutning einstaklinga á lyfjum til eigin nota.

III.

Fyrir tolla- og vopnalagabrot, með því að hafa [...] 2015, flutt inn til landsins frá [...], með flugi [...], 1 stk. skammbyssu af gerðinni Zorak Mod 918, 1. stk riffil, 1. stk. magasín ætlað fyrir riffil, 1. stk. piparúða 80 ml af gerðinni Manergy pepper spray, 1. stk. piparúða 50 ml af gerðinni Manergy pepper spray og sjö pakka af skotfærum af gerðinni Fiocchi 9 mm P.A. Knall Nick (samtals 350 stk.).

Telst þetta varða við 1. mgr. 170. gr., sbr. 1. og 3. mgr. 27. gr. tollalaga nr. 88/2005 og gegn 5. gr. og 4. mgr. 30. gr., sbr. 36. og 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar, og jafnframt að framangreind vopn sem hald var lagt á, verði gerð upptæk samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 16/1998 og að sjö ampúlur af lyfinu HCG-M 5000 verði gerðar upptækar samkvæmt heimild í 1. mgr. 181. gr. tollalaga nr. 88/2005, 3. mgr. 49. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og 2. mgr. 68. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.“

Verjandi ákærða krefst frávísunar II. og III. kafla ákæru en þó að teknu tilliti til þess hluta sem játaður er, til vara er krafist sýknu af öllum ákæruliðum en til þrautavara er krafist vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

I.

I. kafli ákæru

Þann [...] 2016 lagði annar eigandi [...] fram kæru á hendur ákærða vegna hótana hans sem beindust að starfsfólki staðarins og voru settar fram í færslum á Facebook-síðu ákærða daginn áður. Af færslunum væri ljóst að hann kenndi starfsmönnum um veikindi hunds síns og teldi það hafa brugðist skyldum sínum. Kvað kærandi tvo starfsmenn [...] hafa komið heim til sín og sýnt sér hvað ákærði hefði skrifað á Facebook-síðu sinni. Kvaðust þeir hafa tilkynnt athæfið til lögreglu. Fram kom að kæranda var brugðið yfir þessu.

Skýrsla var tekin af ákærða hjá lögreglu þennan sama dag. Kannaðist hann við að hafa látið umrædd orð falla á Facebook-síðu sinni. Kvaðst hann hafa verið í reiðikasti eftir að hundur hans veiktist eftir meðferð á [...] en hann hefði dáið tveimur vikum síðar. Hafi reiði hans ekki beinst að tiltekinni manneskju heldur staðnum sem slíku. Engin alvara hafi verið á bak við hótanirnar. Kannaðist hann við að hafa farið þangað um morguninn og ætlað að ræða við [...] sem ekki hafi verið við.

Á meðal gagna málsins er texti sá sem um ræðir, sem ákærði birti á Facebook-síðu sinni.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar málsins.

Ákærði kannaðist við að hafa skrifað þann texta sem í ákæru greinir á Facebook-síðu sína. Hann kvaðst hafa verið miður sín eftir að hundur hans veiktist eftir að hafa verið á [...]. Hann hafi viljað fá útskýringar og hefði farið um morguninn og rætt við konur í afgreiðslunni. Hefði það allt farið vel fram. Ákærði kvaðst nú gera sér grein fyrir því að ummæli hans á Facebook hefðu getað valdið ótta hjá þeim sem þau lásu en á þeim tíma sem þau voru sett fram hefði hann ekki áttað sig á því. Kvaðst hann hafa haldið að hann hefði tekið þau strax út af Facebook-veggnum sínum. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa leitt hugann að því hvort starfsfólks [...] myndi fá vitneskju um ummælin. Hann kvað sér ekki kunnugt um stillingar á Facebook-síðunni, þ.e. hvort það sem þar væri skrifað væri aðgengilegt öllum eða bara vinum hans. Borin voru undir ákærða ummæli hans á síðunni þar sem hann vísar til þess að vera „ósofinn og útúrdópaður“. Kvaðst ákærði ekki hafa verið undir áhrifum þótt hann hefði sagt að svo væri. Ákærði kvaðst iðrast gjörða sinna.

E kannaðist við ákærða. Hún hefði meðhöndlað hunda ákærða um nokkurt skeið áður en mál þetta kom upp. Hún hefði verið veik umræddan morgun og því slökkt á símanum sínum. Hefðu tvær samstarfskonur hennar komið heim til hennar og skýrt henni frá því að ákærði hefði sett fram hótanir á Facebook-síðu sinni og sýnt henni ummælin á síðunni. Um grófar hótanir hafi verið að ræða og því hafi þær óttast um vitnið þegar hún svaraði ekki í síma. Starfskonurnar hafi verið mjög hræddar. Greindu þær henni frá því að ákærði hefði komið á stofuna um morguninn með boxhanska og sagt að hann ætlaði að lemja hana. Þá hefði hann verið með símann sinn og verið að setja tiltekin ummæli inn á Facebook-síðu sína. Vitnið sagði að sér hefði fundist þetta óraunverulegt en þegar hún hefði farið að hugsa um þetta hefði henni ekki liðið vel og því lagt fram kæru hjá lögreglu í kjölfarið. Til að tryggja öryggi starfsfólksins hefðu nákomnir verið á staðnum en þær hefðu einna helst viljað fá lögregluvernd. Vitnið kvað ummælin hafa verið áfram á síðunni heillengi áður en þau voru tekin út. Vitnið kvað átta starfsmenn hafa verið í vinnu hjá [...] þennan dag en tveir hefðu verið í [...]. Ákærði hafi alltaf leitað til þeirra í [...].

F kvaðst vera meðeigandi *E* að [...]. Umræddan dag hafi hún verið að störfum í [...] þegar starfsstúlka úr [...] hefði hringt og hálfhvísalað í símann. Hún hafi verið mjög óttaslegin og hefði læst sig inni í þvottahúsi til að tala við vitnið. Ástæðan hefði verið sú að ákærði var kominn á [...]. Hefði starfsfólkinu verið kunnugt um færslur hans á Facebook en viðskiptavinur hefði hringt og gert þeim

viðvart. Af þessum sökum hafi eiginmenn tveggja starfsmanna verið staddir þar og starfskona hafi rætt við ákærða sem síðan fór. Starfsfólkið hafi hins vegar verið mjög óttaslegið og einnig hrætt um E sem ekki var í vinnunni þennan dag. Vitnið kvaðst hafa séð umræddar færslur á Facebook-síðu ákærða og hún hefði orðið óttaslegin við að lesa þær.

G, starfsmaður á [...], kvað viðskiptavin hafa tilkynnt um hótanir ákærða á Facebook. Færslurnar hafi verið á síðu sem ber heitið [...] en einnig á persónulegri Facebook-síðu ákærða sem hafi verið aðgengileg öllum. Hann hafi komið á staðinn og sagst vera með boxhanska. Hún hefði talað við hann og hefði hann þá verið rólegur og síðan farið. Starfsfólkið hafi verið mjög hrætt eftir þetta og vart um sig. Hafi þær fengið utanaðkomandi aðstoð karlmanns við að fylgjast með á staðnum.

Niðurstaða

Ákærði hefur játað að hafa birt umrædd ummæli á Facebook-síðu sinni. Varnir ákærða eru annars vegar reistar á því að háttsemi hans verði ekki heimfærð undir 233. gr. almennra hegningarlaga þar sem skilyrði refsíabyrgðar séu ekki uppfyllt.

Ummæli ákærða á Facebook beindust að skýrt afmörkuðum hópi, þ.e. starfsmönnum á [...], og þá sérstaklega þeim er störfuðu í [...]. Barst þeim vitneskja um ummælin frá þriðja aðila. Breytir hér engu að ákærði setti hótanirnar fram á Facebook-síðu sinni. Ummælin fela í sér ítrekaðar grófar hótanir um að fremja refsiverðan verknað. Dómurinn telur ótvírætt að þær hafi verið til þess fallnar að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra hjá starfsmönnum [...]. Af lestri færslunnar verður ráðið að ákærði hafi ekki verið í andlegu jafnvægi þegar hann setti þær fram og jafnvel í annarlegu ástandi eins og hann sjálfur ýjaði að, en það ýtti eðli máls samkvæmt undir óttann. Höfðu starfsmennirnir fulla ástæðu til að taka hótanirnar alvarlega, eins og raun bar vitni og glögglega kom fram í vitnisburði þeirra fyrir dómnum. Mátti ákærða vera ljóst að líklegt væri að starfsfólk [...] fengi vitneskju um hótanirnar og efni þeirra væri slíkt að það væri til þess fallið að valda mikilli hræðslu á meðal þeirra.

Samkvæmt framangreindu eru skilyrði refsíabyrgðar samkvæmt 233. gr. almennra hegningarlaga uppfyllt og verður ákærði sakfelldur fyrir háttsemi sína. Þó að ákærði hafi sett ummæli sín fram í ákveðnu andlegu ójafnvægi eru ekki efni til að beita refsilækkunarheimildum 74. og 75. gr. almennra hegningarlaga.

II. kafli ákæru

Með bréfi tollstjóra, dagsettu [...] 2017, var lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu framsent mál ákærða er varðaði meint brot hans gegn

tollalögum, lyfsölulögum og lyfjalögum þann [...] 2017. Í bréfinu segir að um meintan ólöglegan innflutning lyfseðilsskylds lyfs sé að ræða en lyfið hafi ekki markaðsleyfi hér á landi. Segir í gögnum tollstjóra að ákærði hafi sagst ætla að útvega lyfseðil vegna lyfjanna en ekkert hafi orðið úr því.

Ákærði kannaðist við að hafa flutt inn til landsins umræddar ampúlur með umræddu efni en hann hefði keypt það án þess að hafa lyfseðil. Hann taldi ekki um að ræða ólöglegt lyf, hann hefði keypt það í [...] en kvaðst ekki muna hvar. Vinur hans sem væri læknir hefði sagt að lyfið væri til þess fallið að auka frjósemi en það innihéldi tiltekin hormón. Ákærði kvaðst aðspurður ekki hafa notað lyfið áður og hann hefði enga reynslu af því.

H, [...] -deildar tollstjóra, lýsti aðkomu deildarinnar að máli þessu.

I tollvörður kvaðst hafa lagt hald á ampúlur með vökva sem ákærði hefði verið með í fórum sínum. Ákærði hefði ekki getað framvísað lyfseðli.

J, starfsmaður tæknideildar LRH, kvaðst hafa fengið umræddar ampúlur til skoðunar, þær hafi verið innsiglaðar og merktar. Hafi verið kannað hvers eðlis efnið væri út frá merkingunum og hafi komið í ljós að um óþekktan stera væri að ræða. Innihaldið hafi ekki verið rannsakað sérstaklega.

Niðurstaða

Óumdeilt er að ákærði flutti inn til landsins sjö ampúlur með lyfinu HCG-M 5000 án lyfseðils. Þá er óumdeilt að lyfið hefur ekki markaðsleyfi hér á landi en samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 93/1994 er það skilyrði fyrir innflutningi.

Samkvæmt gögnum málsins er lyfið skilgreint sem anabólískur steri óþekkrar tegundar. Löglíkur eru fyrir því að innihald ampúlanna sé það sem kemur fram á merkingum en því hefur ekki sérstaklega verið mótmælt. Hefur ákærði viðurkennt innflutning lyfsins án þess að hafa haft tilskilið leyfi til þess. Sú háttsemi ákærða er refsínæm og er háttsemi hans réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Í samræmi við tilvitnuð ákvæði í ákæru er fallist á upptöku á framangreindum ampúlum.

III. kafli ákæru

Með bréfi tollstjóra, dagsettu [...] 2016, var lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu framsent mál ákærða er varðaði meint brot hans gegn tolla- og vopnalögum þann [...] 2015. Í bréfinu segir að um meintan ólöglegan innflutning vopna sé að ræða. Segir í gögnum tollstjóra að ákærði hafi borið því við að vopnin væru leikföng. Hann hafi ekki haft tilskilin leyfi Ríkislögreglustjóra fyrir innflutningnum.

Ákærði kannaðist við að hafa flutt til landsins píparúða en kvað K hafa átt hann. Hvað varðar vopnin þá kvaðst hann hafa keypt þau í [...] í verslun [...] en hann hefði rekist á hana fyrir tilviljun. Þessi verslun hafi selt eftirlíkingar. Riffillinn væri mjög góð eftirlíking af riffli sem hefði verið notaður í seinni heimsstyrjöldinni og magasínið fylgt honum. Um væri að ræða besta gæðaflokk eftirlíkinga. Þá hefði hann keypt skammbyssu og púðurskot. Hann kvaðst ekki hafa lesið á umbúðirnar með skotunum en kvaðst hafa beðið um púðurskot. Þessu hafi öllu verið pakkað inn í versluninni og hann fengið kvittun sem sé að finna í gögnum málsins. Ákærði kvaðst hafa gengið inn um græna tollhliðið og ekki velt hinum möguleikanum fyrir sér en auk þess hefði verið búið að pakka vopnunum mjög vel inn. Ákærði kvaðst eiga eftirlíkingar af vopnum. Hann kvaðst ekki vera með skotvopnaleyfi og ekki hafa reynslu af notkun skotvopna.

H, [...] -deildar tollstjóra, og K tollvörður komu fyrir dóminn og lýstu aðkomu sinni.

Niðurstaða

Ákærði kannast við að hafa flutt inn til landsins tvo stauka af píparúða. Þá hafi hann einnig flutt inn skammbyssu, riffil, magasín ætlað riffli og sjö pakka af skotfærum. Hins vegar hafi verið um eftirlíkingar að ræða en ekki raunveruleg vopn.

Verknaðarlýsing ákæru ber ekki með sér hvort honum er gefið að sök að hafa flutt inn vopn eða eftirlíkingar af vopnum og skotfærum. Í upptökukröfu er þó krafist upptöku á „framangreindum vopnum“.

Í 1. mgr. 1. gr. vopnalaga nr. 16/1998 er vopn skilgreint sem hvert það tæki eða efni sem unnt er að beita til að deyða eða skaða heilsu manna eða dýra tímabundið eða varanlega, enda sé með tilliti til aðstæðna ástæða til að ætla að fyrirhugað sé að nota tækið eða efnið í slíkum tilgangi. Skotvopn er skilgreint í 2. mgr. ákvæðisins sem vopn eða tæki sem hægt sé með sprengikrafti, samþjöppuðu lofti eða á annan sambærilegan hátt að skjóta úr kúlum, höglum eða öðrum skeytum. Þá eru skotfæri skilgreind í 3. mgr. sem hvers konar skot eða skeyti sem gerð eru til að skjóta úr skotvopnum.

Brot ákærða eru í ákæru talin varða við nánar tilgreind ákvæði tollalaga og vopnalaga. Vísað er til 5. gr. vopnalaga án þess að tilgreina viðeigandi málsgrein en gerður er greinarmunur á því hvort um vopn er að ræða eða eftirlíkingu vopna. Samkvæmt 5. og 6. mgr. ákvæðisins er óheimilt að flytja inn nánar tilgreind vopn og samkvæmt 7. mgr. er innflutningur á eftirlíkingum vopna bannaður, enda sé ástæða til að ætla að erfitt sé að greina þær frá fyrirmyndinni. Ákvæði þessi eru meginreglur og undanþága frá tilteknum ákvæðum aðeins veitt með sérstöku leyfi

og skilyrðum eins og nánar greinir í ákvæðinu.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal í ákæru tilgreina hverja þá háttsemi sem ákært er út af, hvar og hvenær brot er framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu til laga og stjórnvaldsfyrirmæla ef því er að skipta. Samkvæmt d-lið skal einnig, ef þörf krefur, geta röksemda sem málsóknin er byggð á, en röksemdafærslan skal vera gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála hverjar sakargiftir eru. Eins og fram er komið jatar ákærði innflutning á eftirlíkingum vopna. Skýringar hans á því hvers vegna hann hefði ekki gert grein fyrir þeim eru að engu hafandi. Verður ákærði á grundvelli játningar sinnar og með vísan til tilvitnaðra ákvæða tollalaga sakfelldur fyrir innflutninginn. Þá verður hann einnig, á grundvelli játningar sinnar og með vísan til 4. mgr. 30. gr., sbr. 36. gr. vopnalaga, sakfelldur fyrir innflutning á piparúða og skal sæta upptöku á honum eins og nánar greinir í dómsorði. Með vísan til 1. mgr. 181. gr. tollalaga verður fallist á upptökukröfu ákæruvaldsins að öðru leyti, en ákærði mótmælti þeirri kröfu ekki.

Verknaðarlýsing í ákæru uppfyllir hins vegar að mati dómsins ekki framangreindar kröfur um skýrleika hvað varðar vopnalagabrot ákærða að öðru leyti. Verður ekki á það fallist með ákæruvaldinu að ónákvæm tilvísun til lagaákvæðis komi ekki að sök eins og hér er ástatt af þeirri ástæðu einni að innflutningur á vopnum og eftirlíkingum af vopnum sé hvoru tveggja refsíæmur samkvæmt ákvæðinu. Þá kom athugasemd ákærða um að ekki væri um raunveruleg vopn að ræða strax fram í skýrslu tollvarðar og því var tilefni til að rannsaka sannleiksgildi þess. Ennfremur afhenti ákærði kvittun fyrir kaupunum og þykir sú fjárhæð er þar kemur fram styðja að um eftirlíkingar vopna hafi verið að ræða, að undanskildum piparúðanum. Verður ekki annað séð en að ákæruvaldið hafi haft nægan tíma til að rannsaka málið en brotið er framið í [...] 2015. Með hliðsjón af framansögðu verður þeim þætti ákæru er lýtur að vopnalagabroti ákærða vegna innflutnings á öðru en piparúða vísað frá dómi.

Refsiákvörðun

Sakaferill ákærða hefur ekki áhrif á refsingu í máli þessu en hann gekkst síðast undir tvær lögreglustjórásáttir á árinu 2012 fyrir sérrefsilagabrot. Hann var síðast dæmdur fyrir hegningarlagaabrot árið 2011.

Til þyngingar horfir að hótanir þær sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir samkvæmt I. kafla ákæru voru grófar og heiftúðugar. Þær voru ítrekað settar fram og linnti ákærði ekki látum þó að einn viðmælandi hans hefði reynt að róa hann, eins og sjá má í gögnum málsins. Vísast í þessu sambandi til 1. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Á móti kemur að ákærði hefur á rannsóknarstigi og hér

fyrir dómi iðrast atviksins og er til þess litið að nokkru þó ekkert liggi fyrir um að hann hafi sýnt iðrun sína í verki.

Hvað varðar önnur brot sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir samkvæmt II. og III. kafla ákæru er litið til þess að ósannað er að ákærði hafi flutt inn til landsins raunveruleg vopn, að undanskildum piparúðanum. Þá var magn hinna innfluttu lyfja óverulegt.

Þá er litið til þess að langt er um liðið frá því að ákærði framdi brot sín samkvæmt I. og III. kafla ákæru. Brot ákærða samkvæmt I. kafla voru framin [...] 2016 en brotin samkvæmt III. kafla ákæru [...] 2015. Upplýst var að ákæruvaldinu hefðu ekki borist gögn málsins fyrr en í [...] 2016 en eftir það dróst málið einnig úr hömlu. Ekki hafa komið fram aðrar skýringar á drætti málanna en annir hjá embættinu.

Að öllu framangreindu virtu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfileg refsing ákærða vera 60 daga fangelsi en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Steinbergs Finnbogasonar lögmanns, 527.000 krónur, en annan sakarkostnað leiddi ekki af máli þessu. Við ákvörðun málsvarnarlauna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sigríður Hjaltested héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingvar Árni Ingvarsson, sæti fangelsi í 60 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði sæti upptöku á sjö ampúlum af lyfinu HCG-M 5000, einu stk. skammbyssu af gerðinni Zorak Mod 918, einu stk riffli, einu stk. magasíni ætluðu fyrir riffil, einu stk. piparúða 80 ml af gerðinni Manergy pepper spray, einu stk. piparúða 50 ml af gerðinni Manergy pepper spray og sjö pökkum af skotfærum af gerðinni Fiocchi 9 mm P.A. Knall Nick (samtals 350 stk.).

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Steinbergs Finnbogasonar lögmanns, 527.000 krónur.

Sigríður Hjaltested (sign.)